

oddamann, en takist það ekki skal hann skipaður af Lagastofnun Háskóla Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki skotið til almennra dómstóla.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestast samþykktir þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

Nr. 464

13. ágúst 1996

## REGLUR

### um auglýsingar á lausum störfum.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn samkvæmt 22. gr. sömu laga.

#### 2. gr.

Auglýsa skal laus störf, þannig að umsóknarfrestur sé a.m.k. tvær vikur frá birtingu auglýsingar.

Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.
2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.

#### 3. gr.

Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annað hvort þannig:

1. Að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu, eða
2. að auglýsing sé lesin eða birtist að minnsta kosti þrisvar sinnum í tengslum við hádegis- eða kvöldfréttatíma ljósvakamiðils sem nær til alls landsins.

#### 4. gr.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
2. Hvert á umsókn að berast.
3. Hvort hún eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
4. Umsóknarfrestur.

5. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
6. Starfshlutfall.
7. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
8. Hvaða starfskjör eru í boði.
9. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

---

*Magnús Pétursson.*

1. ágúst 1996

Nr. 465

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Miðskólann í Reykjavík.

#### I. Nafn og markmið.

1. gr.

Skólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun með starfsemi í Reykjavík og heitir Miðskólinn.

2. gr.

Skólinn starfar eftir reglugerðum og lögum um grunnskóla og sjálfstæðri skólustefnu sem stjórn skólans mótar. Lögð skal áhersla á eftirfarandi:

- a) Kennslu nemenda í 4., 5., 6., 7. og öðrum bekkjum grunnskóla eftir því sem aðstæður leyfa.
- b) Samfelldan skóladag.
- c) Stuðning og aðstöðu til heimanáms.
- d) Markvissa kennslu í undirstöðugreinum.
- e) Fjölbreytta kennslu í söng, tónlist og öðrum listgreinum.
- f) Mannúðlegt námsumhverfi.
- g) Andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda og þróðmannlega framkomu.

3. gr.

Heimili skólans er í Reykjavík.